

## AUGLÝSING

### um álagningu opinberra gjalda á árinu 2024.

#### 1. gr.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 31. maí 2024 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Álagningu lögaðila með sjálfstæða skattaðild skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2024. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 27. febrúar 2024.*

F. h. r.  
**Helga Jónsdóttir.**

*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*